

Verkefnastjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

11. fundur, föstudaginn 5. september, kl. 11:00

í Þjóðmenningarhúsinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Kristín Huld Sigurðardóttir, Stefán Arnórsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (Iðndararáðiuneytinu), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (Umhverfisráðuneytinu) og Tómas Þór Tómasson, nýr starfsmaður Verkefnastjórnar, sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Freysteinn Sigurðsson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Linda Ásgeirsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir og Þorsteinn Tómasson.

Fundarfrásögn:

Fundurinn hófst á því að formaður bauð fulltrúa í verkefnastjórn velkomna, sértaklega þá nýju: Önnu Sverrisdóttir frá SAF, Steinunni Fjólu frá Umhverfisráðuneytinu og Tómas Þór, ný ráðinn starfsmann Rammaáætlunar.

Samráðsfundur í september: Fjallað um fyrirhugaða samráðsfundi með hagsmunaaðilum dagana 5., 8. og 9. sept. og dreift yfirliti yfir fundaraðila og tímasetningar. Fundarmenn tjáðu sig um möguleika þeirra að sitja fundina. Farið var yfir atriði sem koma þyrftu fram á fundunum og lagði formaður fram minnisblað þar að lútandi.

Faghópar: Umræður um heppilega aðferð við að skipa í faghópa sem verða munu fjórir í samræmi við skipan mála í 1 áfanga. Nokkur umræða varð um hvernig standa skyldi að skipun í hópana en í 1. áfanga hafði því verið stýrt úr iðnaðarráðuneytinu sem kallaði eftir tilnefningum frá stofnunum og félagsamtökum. Afráðið var að handvelja fulltrúa í faghópana og hafa þá fámennari en áður. Faghóparnir geti leitað sérfræðiaðstoðar út fyrir hópinn ef nauðsyn krefur. Líta beri er á faghópana sem faglega sérfræðingahópa án beinnar aðkomu hagsmunaaðila. Hagsmunaaðilar eiga hins vegar aðild að verkefnisstjórninni sjálfri. Rætt áfram um „hagsmuni“ og áréttað að fulltrúar í verkefnastjórn líti á málin frá mismunandi „sjónarhólum“. Jafnframt, að verkefnastjórn ætti að hafa hagsmuni framtíðarinnar í huga. Gengið verður frá skipun faghópa á fundi 17. okt. Formaður bað viðstadda að fara að huga að skipun í faghópanna.

Tveir sérfræðihópar sem verið hafa að störfum frá 2004, skili sinni vinnu til faghópanna; háhitahópur skilar niðurstöðum sínum í hóp IV og landslagshópur skilar í hóp I. Þorvarður Árnason er enn að vinna framhaldsvinnu þess hóps er lýtur að háhitasvæðum og mun skila af sér niðurstöðum síðar í vetur.

Nokkuð rætt um tilkomu landslagshóps í framhaldi af athugasemdum Formleifastofnunar um að búsetu- og fornleifar hafi orðið útundan og rætt um hvar þeim yrði fundinn staður í hópunum. Í 1. áfanga tilheyrðu þessir þættir í hópi I 1.

Aðferðafræði: Fram kom aðeftir föngum verði beitt sömu aðferðafræði innan faghópanna og gert var í 1. áfanga.

Dagskrá haustsins (skv. minnisblaði sem lagt var fram á fundi 29. ágúst)

Fundir verkefnastjórnar verða 3. október á Akureyri og 17. október, 21. nóvember og 12. desember í Reykjavík.

Opnir samráðsfundir í Reykjavík fyrir aðila sem ekki hafa verið sérstaklega kallaðir til samráðs og verða auglýstir sérstaklega: 14. og 17. okt. e.hád.

Kynningarfundir með landshlutasamtökum: Nýta skal þessar ferðir út á land til um að hitta hagsmunaaðila í landshlutunum.

- a) Í Sælingsdal með SSV þann 18. sept.
- b) Eyþing á Akureyri þann 3. október. Stefna þá einnig að samráðsfundum með Norðurorku og SUNN.
- c) Með SSVN þann 19. október á Siglufirði.
- d) Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum í Garði 11. okt.
- e) Með SASS á Hvolsvelli 23. okt.
- f) Kanna ferð til Ísafjarðar til fundar við Fjórðungssamband Vestfirðinga í tengslum við stjórnarfund þeirra í október eða nóvember og stefna þá einnig að samráðsfundum með Orkubúi Vestfjarða og Náttúruverndarsamtökum Vestfjarða.
- g) Engin viðbrögð hafa enn komið frá höfuðborgarsvæðinu.

Stefnt er að einfaldri kynningu á verkefninu og stöðu þess og taka við athugasemdum, fyrirspurnum og skilaboðum. **Heimasíða**: Rætt um opnun heimasíðu. Tómasi Þór falið að kynna drög á næsta fundi. Fram kom að til er fjöldi mynda sem nota má (m.a. hjá Orkustofnun). Fundarmenn hnykktu á að kynna verði vinnuna mjög vel fyrir almenningi og gefa kost á að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum., m.a. með skilaboðum á heimasíðu.

Fundi slitið kl. 12:15.